

8. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagsskrána, nöfn og heimilisföng þeirra kvenna, sem styrk fá og allar greiðslur, er sjóðurinn lætur af hendi. Einnig ársreikninga og skulu þeir þar undirritaðir af stjórn sjóðsins og endurskoðendum.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar fullgerðir fyrir lok janúar næst á eftir. Skulu þeir endurskoðaðir af sömu konum og endurskoða reikninga kvenfélagsins.

10. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari ef ástæða þykir til.

11. gr.

Ef kvenfélagið Einingin hættir störfum, er sóknarnefndin beðin að annast um sjóðinn.

12. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og þeim breytingum er gerðar kunna að verða á henni samkvæmt 10. gr. Skipulagsskráin óskast birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Skagaströnd, 28. marz 1967.

Jón Sölvason. Þorbjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um viðauka við reglugerð nr. 207 30. september 1966, um bólusetningu sauðfjár til varnar garnaveiki.

1. gr.

Auk þeirra svæða, sem talin eru í 1. gr. reglugerðarinnar, er hér með fyrirskipuð bólusetning á öllum ásetningslömbum ár hvert í Álftaneshreppi og Hraunhreppi í Mýrasýslu.

2. gr.

Að öðru leyti fer um bólusetninguna samkvæmt reglugerð nr. 207/1966.

Auglýsing þessi, sem er sett samkvæmt 44. gr. laga nr. 23, frá 10. marz 1956, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 16. nóvember 1967.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.